



# Félag íslenskra heimilislækna

Hlíðarsmára 8 • 201 Kópavogur

Alþingi  
Erindi nr. P/135/228  
komudagur 19.11.2008

Kópavogi 15. nóvember 2007

Alsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Aðalfundur Félags íslenskra heimilislækna hefur fjallað um lagafrumvarp til breytingar á áfengislögum (Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak) og ályktað um málið. Ályktunin fylgir hér með sem umsögn Félags íslenskra heimilislækna um málið.

**Aðalfundur Félags íslenskra heimilislækna haldinn í Hlíðarsmára 8 Kópavogi 24. október 2007 skorar á alþingismenn að veita ekki brautargengi frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi og gerir ráð fyrir afnámi einkasölu ÁTVR á áfengi.**

Misnotkun áfengis er staðreynd í okkar samfélagi og áfengissýki er meðal algengustu sjúkdóma í vestrænum samfélögum. Ekki þarf að fjölyrða um þá þjáningu sem fylgir áfengissýki bæði fyrir hina sjúku og fjölskyldur þeirra. Áfengi er vissulega vara sem er hluti af neyslu Íslendinga og mikill meiri hluti þjóðarinnar misnotar ekki áfengi. Áfengi er engu að síður vara sem hefur sérstöðu á markaði. Það er í eðli sínu ávanabindandi, neysla þess hefur áhrif á dómgreind, hömlur svo og hæfni neytanda til ýmissa athafna t.d. til að stjórna ökutæki. Allir ábyrgir fullveðja karlar og konur eru sammála um að áfengi í höndum barna og unglunga er ekki við hæfi. Í neyslupjóðfélagi samtímans er sú staðreynd vel þekkt að aukið aðgengi að vöru leiðir til aukinnar neyslu. Ekkert bendir til að áfengi hafi hér sérstöðu. Þeir hópar sem líklegt er að verði settir í aukna áhættu með samþykkt frumvarpsins eru áfengissjúklingar og ungt fólk. Þessir hópar eru líklega viðkvæmari fyrir auknu aðgengi að áfengisverslun en aðrir. Sala áfengis á Íslandi hefur verið í höndum ÁTVR og má fullyrða að sú verslun hafi þróast á undangengum árum í takt við kröfur neytanda með lengdum opnunartíma og fjölbreyttara vöruvali. Engar sérstakar hömlur eru sjáanlegar fyrir þann sem er 20 ára eða eldri að verða sér út um áfengi á Íslandi í dag.

Frelsi fylgir ábyrgð. Frelsi í verslun með vöru eins og áfengi fylgir mikil ábyrgð. Að stuðla að auknu aðgengi í þjóðfélaginu að vöru eins og áfengi fylgir sérstaklega mikil ábyrgð. Í nafni lýðheilsu hafa verið tekin mörg merkileg og nauðsynleg skref á síðastliðnum árum og áratugum oft með fulltingi löggjafarvaldsins. Trauðla verður séð að hagsmunir einstaklinga sem gætu framfleitt sér og sínum og hagnast á því að reka verslun með áfengi séu mikilvægari hagsmunum lýðheilsu.

Virðingarfyllt

Elínborg Báraðardóttir

Formaður Félags íslenskra heimilislækna